

Nd.

20. Frumvarp til laga

[20. mál]

um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

Flm.: Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi gilda um allt fólk, sem starfar í þjónustu annarra, hvort heldur einstaklinga eða hins opinbera. Ná lög þessi jafnt til þeirra, er taka laun sín í hluta af verðmæti, sem hinna, er taka laun sín í peningum. Undanþegnir eru þó iðnnemar, sbr. 16. gr. laga nr. 46 25. maí 1949, um iðnfræðslu.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sérhver, sem lög þessi ná til, hefur rétt og skyldu til orlofs ár hvert hálfan annan dag — einn og hálfan dag — fyrir hvern unnin almanaksmánuð á orlofsárinu, en orlofsár merkir í lögum þessum tímabilið 15. maí til 14. maí næsta ár á eftir. Telst í þessu sambandi hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími ekki talinn með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt eða hann er í orlofi.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem fer í orlof, á rétt á að fá greitt orlofsfé $6\frac{1}{2}\%$ — sex og hálfan af hundraði — af kaupi því, sem hann hefur borið úr bítum fyrir vinnu sína næsta orlofsár á undan.

Orlofsfé greiðir sá eða þeir, sem orlofsrétthafi hefur unnið hjá á orlofsárinu, og fer greiðsla fram með orlofsmerkjum hvert skipti, sem útborgun vinnulauna fer fram.

Þegar starfsmenn, sem eru í fastri stöðu, fara í orlof, halda þeir kaup sínu óskertu orlofsdagana, jafnháu og þeir hefðu unnið venjulegan vinnutíma. Kaup fyrir orlofsdagana skulu þeir fá greitt næsta virkan dag áður en orlof hefst.

Nú fer maður úr fastri stöðu, og greiðir vinnuveitandi þá með orlofsmerkjum orlofsfé af kaup því, er starfsmaðurinn vann fyrir á því orlofsári.

Starfsmaður, sem er í fastri stöðu, þegar hann fer í orlof, en hefur ekki unnið hjá sama vinnuveitanda samfellt næsta orlofsár á undan, fær greitt orlofsfé með orlofsmerkjum næsta virkan dag áður en orlof hefst, og miðast það við kaup það, er hann vann fyrir hjá núverandi vinnuveitanda á orlofsárinu.

Krafa um greiðslu orlofsfjár er forgangskrafa í dánar- eða þrotabú vinnuveitanda til jafns við kröfur þær, sem um ræðir í 83. gr. b. 5. lið skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

4. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fynast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkvæmt lögum nr. 14 frá 20. okt. 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lögin um orlof voru samþykkt 1943. Aðdragandi þeirra var skæruhernaðurinn svonefndi, en eftir hann gerði Dagsbrún mjög mikilvæga samninga við atvinnurekendur síðari hluta sumars 1942. Með þeim samningum var viðurkenndur 8 stunda vinnudagur, og auk þess var orlof verkamanna samningsbundið tvær vikur á ári, og skyldu atvinnurekendur greiða verkamönnum orlofsfé, þannig að þeir héldu launum í leyfi sínu.

Alþingi gaf síðan samningi þessum lagagildi á næsta ári með lögum um orlof, en þau eru mjög mikilvægur áfangi í réttarbaráttu íslenzkrar alþýðu.

En svo mikilvæg sem lögin voru á sinum tíma, eru þau engan veginn fullnægjandi nú, og hafa þingmenn sósíalista beitt sér fyrir nauðsynlegustu umbótum á undanförunum þingum. Hermann Guðmundsson og Sigurður Guðnason lögðu fram frumvarp svipað því, sem hér liggur fyrir, á þinginu 1948—49, á næstsíðasta þingi var það enn flutt af Magnúsi Kjartanssyni og Steingrими Aðalsteinssyni, en á síðasta þingi af Karli Guðjónssyni ásamt flm. þess nú.

Í þessu frumvarpi felast fjórar meginbreytingar á lögunum:

1. Lágmarkssumarleyfi lengist upp í 18 virka daga, eða sem svarar þriggja vikna orlofi, og skal orlofsfé hækka í samræmi við það upp í 6½% af kaup.

Þriggja vikna orlof er nú orðið mjög algengt hjá embættismönnum, starfsmönnum og ýmsum iðnaðarmönnum og mun af almenningi vera talinn mjög hæfilegur og eðlilegur tími. Erlendis hefur 3 vikna almennt orlof færzt mjög í vöxt á undanförunum árum. Norðmenn samþykktu lög um 3 vikna orlof þegar 1947, hafa þau gefið hina beztu raun og þykja jafnsjálfsögð nú og 2 vikna orlof áður. Síðan hefur sama breyting verið tekin upp í Danmörku og Svíþjóð.

Það er auðsætt, að vinnandi fólk á Íslandi mun ekki sætta sig við það lengi að vera eftirbátar starfsbræðra sinna á Norðurlöndum á þessu sviði.

2. Þá er lagt til í frumvarpinu, að orlofsrétturinn nái einnig óskertur til hlutar-sjómannna.

Í orlofslögunum eru ákvæðin um orlof hlutarsjómannna óglögg og hafa valdið ágreiningi. Þar kemur til álita, hvort hlutarsjómenn fái nema hálf orlof, ef þeir taka

þátt í útgerðarkostnaði að einhverjum hluta. Það virðist með öllu ástæðulaust að láta slík ákvæði standa í orlofslögunum, enda mælir ekkert með því, að hlutarsjómenn séu afskiptir orlofsfé. Ef hlutarsjómaður jafnframt rekur útgerð, er hann að sjálf-sögðu sem slíkur ábyrgur fyrir orlofsgreiðslunum á sama hátt og aðrir atvinnu-rekendur.

3. Lögin gera ráð fyrir, að orlof sé ekki greitt á eftirvinnu, næturvinnu og helgi-dagavinnu í sama hlutfalli og launagreiðslur, heldur svo sem um dagvinnu væri að ræða.

Hér er lagt til, að þessi ákvæði verði felld niður úr orlofslögunum og orlof verði í öllum tilfellunum jafnt, 6½%.

Breyting þessi stefnir að fyllri framkvæmd á markmiði laganna. Orlofslögin eiga að tryggja vinnandi fólki hæfilega hvíld að unnu starfi, og hlýtur hvíldar-þörfin jafnan að verða miklum mun meiri, ef unnin er óhæfilega langur vinnu-dagur, svo sem jafnan er, þegar um eftir- og næturvinnu er að ræða.

4. Í 15. gr. orlofslaganna eru sérstök ákvæði um fyrningu á kröfum, og hljóða þau svo: „Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum falla úr gildi fyrir fyrning, ef þær hafa ekki verið viðurkenndar eða lögsókn hafin innan loka næsta orlofsárs eftir að kröfurnar stofnuðust.“

Þessi tilhögun er óeðlileg. Þess eru mörg dæmi, að af þessu ákvæði hafi hlotizt óþægindi og misskilningur. Virðist sjálfsagt, að fyrning á kröfum vegna orlofsfjár fylgi algerlega sömu reglum og fyrning kaupgjalds, og er það lagt til í frumvarpinu.

Þegar hliðstætt frumvarp kom til umræðu á næstsiðasta þingi, komst fyrri flutningsmaður þess, Magnús Kjartansson, svo að orði meðal annars:

„Ef Alþingi fæst ekki til að breyta orlofslögunum, benda allar líkur á, að aukið orlof verði knúið fram af verkalýðsfélögunum sjálfum í samningum við atvinnu-rekendur, samningum, sem ef til vill fengjust ekki fyrr en eftir kostnaðarsamar deilur.“

Þessi varnaðarorð rættust þegar nokkrum mánuðum síðar. Í desemberverkföllunum miklu 1952 var 3 vikna orlof ein meginkrafa verkalýðssamtakanna, og eftir hin miklu átök var samið um 15 daga orlof — helminginn af kröfum verkalýðs-samtakanna á þessu sviði. En það er engum efa bundið, að verkföllin hefðu orðið auðleystari, ef Alþingi hefði fylgt tillögum sósíalista um afgreiðslu málsins.

Nú standa sakir þannig, að orlofslögin eru óbreytt með ákvæðum um 12 daga orlof. Verkalýðsfélögin hafa með samningum sínum tryggt 15 daga orlof, og flestir, ef ekki allir starfshópar hafa fylgt í kjölfar þeirra.

Lögin eru á eftir veruleikanum. Hins vegar væri ófullnægjandi að breyta lög- unum aðeins til samræmis við ákvæði gildandi samninga, því að ekki verður til lengdar staðið gegn hinni sjálf-sögðu kröfu um 3 vikna orlof, og Alþingi ber að draga ályktanir af reynslunni og leysa málið áður en til nýrra átaka kann að koma vegna þess.